

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðflutningsgjald af rauðu spönsku víni. — Í þóknanlegu brjefi frá 15. október f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að menn hafi verið í vafa um, hvernig reikna eigi samkvæmt lögum frá 7. nóv. f. á. aðflutningsgjald af rauðu spönsku víni, sem nokkuð af hefir flutzt til Reykjavíkur og kallað er „tinto“, og beiðzt þjer úrlausnar ráðgjafans á þessari spurningu. 55 14. jan.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er á sama máli og þjer, herra landshöfðingi, að þegar skýra á orðið „raudavín“ í 1. gr. nefndra laga skuli ekki tekið tillit til litar vins þess, sem ræðir um heldur sje eðli vinsins, hvort það verði talið með hinum heitu vínnum eða með almennum borðvínnum, það sem mest sje undir komið, þegar ákveða skuli, eptir hvaða reglu toll eigi að leggja á vínið. Það hefir því verið leitað álits vinsölumanna sem hjer eru, um það til hvorrar af hinum nefndu vintegundum eigi að heimfæra vin það, sem hjer er um að ræða, og þar sem álit þeirra fer í þá stefnu, að „tinto“ beri að heimfæra undir heitu vínin, verður ráðgjafinn að vera á þeirri skoðun, að tollgjald það, sem krafið er fyrir aðflutning tjeðs vins, sje af bæjarfógeta rjettilega reiknað 45 a. af potti hverjum.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um, hvernig greiða skuli eptirgjald í landssjóð og eptirlaun af tekjum prestakalls. — Með þóknanlegu brjefi frá 12. janúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ásamt skýrslu frá stiptsyfirvöldunum, erindi frá sóknarpresti Hólma prestakalls, prófasti sira Daníel Halldórssyni, þar sem hann spyr, hvernig reikna skuli gjald það, sem samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla ber að greiða í landssjóð eptir Hólma prestakall, og eptirlaun þau, sem hvila á prestakallinu til fyrverandi prestsekkju í brauðinu. Spurningin gengur út á, hvort samkvæmt 15. grein tilskipunar 15. desbr. 1865 sbr. við 5. grein tilskipunar 6. janúar 1847, beri fyrir fram að greiða af föstum tekjum brauðsins eptirlaun með $\frac{1}{8}$ og síðan af því, sem afgangs verður tekjunum, gjaldið til landssjóðs eða hvort hið síðarnefnda gjald skuli fyrst dregið frá tekjunum og eptirlaunin þar eptir reiknuð af afganginum; en þjer getið þess, að ekkja sú, sem í brauðinu er, virðist að eiga heimting á $\frac{1}{8}$ af föstum tekjum brauðsins, áður en eptirgjaldið til landssjóðs er frá dregið og að prestinum beri að greiða henni eptirlaunin að fullu, svo að ekki verði, eins og stiptsyfirvöldin hafa bent á, greiddur úr landssjóði sá hluti eptirlaunanna, sem samsvari eptirgjaldinu, og hafið þjer æstkt eptir úrlausn ráðgjafans á spurningu þessari. 56 7. maí.

Fyrir því skal eigi undanfellt þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn fellst á, að spurningu þeirri, sem komið hefir fram beri að svara á þann hátt, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið bent á.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um lögferjur. — Eptir að hafa meðtekið álit amtsráðsins um fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu viðvíkjandi því, hvert vald sýslunefnd hafi, og hverri aðferð hún eigi að beita gagnvart þeim jarðarabúanda, er ekki vill góðviljuglega viðhalda eða upptaka lögferju á þeim stað, er sýslunefndin hefir ákveðið, vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum það, er nú segir. 57 16. maí.

Hinn 4. júní 1881.